

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 12/2003

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra

gegn

Samkeppnisstofnun

I

Með bréfi, dags. 26. maí 2003, hefur Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra kært þá ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem fram kom í bréfi hennar til bandalagsins, dags. 16. maí 2003. Þar komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að leigubifreiðastjórar og bílaleigufyrirtæki væru ekki á sama markaði í skilningi samkeppnislaga og sá ekki ástæðu til frekari umfjöllunar um kvörtun áfrýjanda sem nánar er gerð grein fyrir síðar.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist að áfrýjunarnefnd samkeppnismála hnekki niðurstöðu Samkeppnisstofnunar.

Af hálfu Samkeppnisstofnunar er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 31. maí 2001, fór áfrýjandi þess á leit við fjármálaráðuneytið að endurnýjunarréttur til lækkunar vörugjalds af leigubifreiðum yrði stytur úr 36 mánuðum í 18 mánuði til samræmis við það sem um leigubifreiðar gildi. Fram kom í erindi áfrýjanda að samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum endurnýjaðist réttur til lækkunar vörugjalds af leigubifreiðum til fólksflutninga á þriggja ára fresti að uppfylltum tilteknum

skilyrðum. Samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar endurnýjaðist þessi réttur gagnvart bílaleigubifreiðum á helmingi styttri tíma eða á 18 mánaða fresti. Taldi áfrýjandi þennan mislanga frest fela í sér mismunun sem skerti stöðu leigubifreiðastjóra í þeirri samkeppni sem þeir ættu í gagnvart bílaleigum. Í svari fjármálaráðuneytisins til áfrýjanda, dags. 6. júlí 2001, benti ráðuneytið á að ekki gæti verið staðganga á milli þjónustu leigubifreiða og bílaleigubifreiða. Hafnaði ráðuneytið því að um samkeppni milli þessara tveggja atvinnugreina væri að ræða og þar með að 15. gr. reglugerðarinnar fæli í sér mismunun.

Áfrýjandi sendi Samkeppnisstofnun erindi, dags. 31. júlí 2001, þar sem hann óskaði eftir því að samkeppnisráð léti honum í té álit sitt á því hvort tilvitnað svar ráðuneytisins stæðist samkeppnislög. Í bréfi Samkeppnisstofnunar til áfrýjanda, dags. 9. ágúst 2001, kom fram að stofnunin teldi unnt að taka undir þau sjónamið ráðuneytisins að þjónusta leigubifreiða annars vegar og bílaleigubifreiða hins vegar væri ekki á sama markaði. Stofnunin taldi því ekki ástæðu til að fjalla frekar um erindi áfrýjanda nema fram kæmu upplýsingar af hans hálfu um samkeppnislega staðgöngu á milli þjónustu leigubifreiða og bílaleigubifreiða.

Með erindi áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar, dags. 27. mars 2003, óskaði hann eftir því stofnunin tæki málið til skoðunar á ný í ljósi auglýsinga frá bílaleigunni Hertz sem áfrýjandi taldi að fælu í sér vísbendingar um samkeppnislega staðgöngu milli bílaleigufyrirtækja og þjónustu leigubifreiða. Í svari Samkeppnisstofnunar til áfrýjanda, dags. 16. maí 2003, kom fram að þegar um væri að ræða leyfisbundna þjónustu sem kveðið væri á um í lögum og reglugerðum færi sú starfsemi fram í vernduðu starfsumhverfi. Slíkt ætti við um starfsumhverfi leigubifreiðastjóra. Væri það mat stofnunarinnar að leigubifreiðastjórar störfuðu á sérstökum markaði og væri hann svæðisbundinn og fjöldatakmakaður. Taldi Samkeppnisstofnun því leigubifreiðastjóra og bílaleigufyrirtæki ekki á sama markaði í skilningi samkeppnislaga og sá stofnunin því ekki ástæðu til frekari umfjöllunar um bréf áfrýjanda frá 27. mars 2003.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppnisstofnunar barst nefndinni 11. júní 2003. Áfrýjandi sá ekki ástæðu til að svara greinargerð Samkeppnisstofnunar.

III

Af hálfu áfrýjanda er á það bent að starfsemi bílaleigufyrirtækja sé leyfisbundin eins og starfsemi leigubifreiðastjóra, sbr. lög nr. 64/2000, þannig að starfsemi leigubifreiðastjóra hafi ekki sérstöðu að því leyti. Þá telur áfrýjandi misskilnings gæta hjá Samkeppnisstofnun um að leigubifreiðastjórar njóti sérstöðu gagnvart starfsemi bílaleigufyrirtækja, þar sem starfsemi leigubifreiðastjóra sé svæðisbundin. Bendir áfrýjandi á að leigubifreiðastjórum sé heimilt þrátt fyrir ákveðna svæðisskiptingu að flytja farþega hvert á land sem er. Ekki verði séð að fjöldatakmörkanir á leigubifreiðum, sem eigi þó ekki við um allt landið, skipti máli varðandi samkeppnislega stöðu gagnvart bílaleigufyrirtækjum.

Af hálfu Samkeppnisstofnunar er vísað til þess að auglýsingar þær sem áfrýjandi hefur lagt fram máli sínu til stuðnings gefi ekki einar og sér vísbendingu um staðgöngu í skilningi samkeppnislaga. Ljóst sé að óveruleg staðganga eða einhver skörun geti verið á milli ýmiss konar vöru eða þjónustu. Það þýði hins vegar ekki að um fullnægjandi staðgöngu sé að ræða, enda sé gert ráð fyrir því í 4. gr. samkeppnislaga að staðgengdarþjónusta sé þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geti komið í stað annarrar. Fyrir liggja rökstuddar niðurstöður sem gefa til kynna að þjónusta leigubifreiða tilheyri sérstökum markaði. Telur Samkeppnisstofnun að áfrýjandi hafi ekki sett fram nein sjónarmið sem bendi í aðra átt og réttlæti frekari rannsókn samkeppnisyfirvalda.

IV

Niðurstöður

1

Fram er komið að áfrýjandi sendi erindi, dags. 31. maí 2001, til fjármálaráðuneytisins þar sem farið var fram á að endurnýjunarréttur til lækkunar vörugjalda af leigubifreiðum yrði stytur úr 36 mánuðum í 18 mánuði til samræmis við það sem gildir um bílaleigubifreiðar. Fram kom í erindinu að sú mismun sem í þessu fælist skerti stöðu leigubifreiðastjóra í þeirri samkeppni sem þeir ættu í gagnvart fyrirtækjum sem leigðu út bifreiðar. Þessu erindi svaraði ráðuneytið með bréfi dags. 6.

júlí 2001 þar sem talið var að umræddar atvinnugreinar störfuðu ekki á sama markaði og því væri ekki um samkeppni að ræða milli þeirra. Með hliðsjón af þessu var því hafnað að 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 fæli í sér mismunun.

2

Með bréfi áfrýjanda, dags. 31. júlí 2001, til Samkeppnisstofnunar var með vísun til d. liðar 5. og 19. gr., sbr. 1. gr. samkeppnislaga, óskað eftir því að Samkeppnisstofnun gæfi álit á því hvort umrætt svar fjármálaráðuneytisins stæðist samkeppnislög. Með bréfi, dags. 9. ágúst 2001, komst Samkeppnisstofnun að þeirri niðurstöðu að þjónusta leigubifreiða annars vegar og bílaleigubifreiða hins vegar væri ekki á sama samkeppnismarkaði. Með bréfi áfrýjanda, dags. 27. mars 2003, til Samkeppnisstofnunar var þess óskað að hún tæki á ný til skoðunar áður greint málefni í ljósi nokkurra auglýsinga frá bílaleigunni Hertz sem áfrýjandi taldi fela í sér hvatningu til að taka bílaleigubíl í stað leigubíls. Þessu erindi hafnaði Samkeppnisstofnun með bréfi, dags. 16. maí 2003, og er það sú ákvörðun sem sætir kæru í máli þessu.

3

Upphafleg beiðni áfrýjanda til fjármálaráðuneytisins var sem áður segir þess efnis að endurnýjunarréttur til lækkunar vörugjalda á leigubifreiðum yrði stytur til þess að jafna samkeppnisskilyrði og tók ráðuneytið ákvörðun í því máli. Beiðni áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar um álit og skoðun hennar í framhaldi af því gat engu breytt um niðurstöðu fjármálaráðuneytisins. Síðari beiðni áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar um endurskoðun á því máli var aðeins framhald fyrri beiðni og var því svipaðs eðlis. Áfrýjandi hafði því með beiðnum sínum til Samkeppnisstofnunar aðeins óbeinna hagsmuna að gæta af málsúrslitum þar sem um álitsbeiðni var að ræða. Verður því að gera talsverðar kröfur til áfrýjanda um að hann styðji málatilbúnað sinn með fullnægjandi rökum til þess að skylt sé að hrinda af stað rannsókn í málinu.

4

Staðgengdarþjónusta er þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Gögn þau sem fram voru lögð með bréfi áfrýjanda, dags. 27. mars 2003, þar sem fram kemur í auglýsingum að hagkvæmt kunní að vera að taka bílaleigubíl í stað leigubíls veita ekki einar sér nægjanlegar líkur til þess að skylt sé að taka mál þetta upp til skoðunar og rannsóknar. Þessir kostir til flutninga eru eðlisólíkir út frá sjónarmiði neytenda. Hefur áfrýjandi ekki leitt nægjanlegar líkur að því að skilyrðum laganna sé fullnægt þannig að skylt sé að taka mál þetta til rannsóknar. Má því staðfesta hina áfrýjuðu ákvörðun.

Úrskurðarorð

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Reykjavík, 3. júlí 2003

Stefán Már Stefánsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir